



## Fréttabréf forseta

September 2016

### Kæru formenn í Delta Kappa Gamma

Ég vil byrja á því að bjóða ykkur nýja formenn og nýjar stjórnir í DKG velkomnar til starfa og þakka ykkur fyrir góða samveru á framkvæmdaráðsfundinum 17. september síðastliðinn. Vetrarstarfið er væntanlega hafið hjá mörgum ykkar með fyrsta fundi vetrarins og í því samhengi minni ég á að setja vetraráætlun deildarinnar á vefinn ykkar en jafnframt bið ég ykkur um að **senda mér eintak** sem fyrst. Í fyrra átti ég þess kost að heimsækja nokkrar deildir og vil gjarnan geta heimsótt þær sem eftir eru í vetur. Til að geta skipulagt það, þarf ég að hafa vetraráætlunina með dagsetningum funda við höndina sem fyrst.

#### Nýjar stjórnir

Í öllum deildum hafa nýjar stjórnir tekið við keflinu. Í vor þegar fráfarandi formenn sendu mér nöfn kvenna í nýrri stjórn, var það sums staðar ekki komið á hreint hvernig stjórnin ætlaði að skipta með sér verkum og ekki alls staðar búið að skipa gjaldkera og vefstjóra. Ég bið ykkur því um að senda mér yfirlit yfir þessi atriði sem fyrst. Einnig minni ég á eyðublaðið sem senda þarf til alþjóðaskrifstofunnar með nöfnum kvenna í nýrri stjórn og hlutverkaskipan, hafi fráfarandi stjórn ekki gert það nú þegar.

#### Vefmál

Þar sem í haust, nánar tiltekið í októberlok, þarf að staðfesta að vefurinn okkar (bæði landsambandsvefurinn og vefir deilda) sé uppfærður og uppfylli skilyrði alþjóðasambandsins er sérstaklega mikilvægt að velja vefstjóra sem fyrst fyrir hverja deild og tilkynna hver hann er til okkar í stjórninni. Ég minni á að formaður er ábyrgur fyrir að þessum málum sé sinnt líkt og öðrum atriðum sem snúa að starfi deilda.

#### Félagatalið

Hafi nýir félagar verið teknir inn núna í haustbyrjun minni ég á að tilkynna slíkt til formanns Féлага– og útbreiðslunefndar Sigríðar Guttormsdóttur ([siggutto@gmail.com](mailto:siggutto@gmail.com)) og mín á netfangið

[eyglob@gmail.com](mailto:eyglob@gmail.com). Einnig þarf að tilkynna slíkt til alþjóðaskrifstofunnar með þessu eyðublaði.

Gott væri að biðja félagskonur á næsta fundi að yfirfara skráningu sína í félagatalinu og hafi einhverjar breytingar orðið (netfang, símanúmer, o.s.frv.) að senda þær upplýsingar til sömu aðila. Hægt er að nota þetta eyðublað til að koma þessum upplýsingum bæði til okkar og svo til alþjóðaskrifstofunnar ([mem@dkg.org](mailto:mem@dkg.org)). Eins þarf að huga að þessum atriðum ef konur skipta um deild en þá þarf að fylla út sérstakt eyðublað og senda til alþjóðaskrifstofunnar. Öll eyðublöð hvað varðar félagsaðild (membership) eru á þessari slóð.

#### Félagsgjöldin

Félagsgjöldin eru sem fyrr 10.000 krónur og minni ég á að þeim þarf að skila til gjaldkera deilda fyrir 31. október. Ef gjaldkeri er nýr í deild, þarf að gefa upplýsingar um hann til alþjóðaskrifstofunnar á sérstöku

eyðublaði. Fleiri eyðublöð sem snúa að gjaldkeramálum finnast á þessari slóð. Svo má geta þess að öll eyðublöð sem snúa að deildarstarfinu og utanumhaldi varðandi það, eru á þessari slóð.

#### Landsambandsþing

Þó enn sé langt til næsta vors er þó rétt að minna á að næsta landsambandsþing verður haldið á Akureyri dagana **6. og 7. maí** 2017. Við ráðleggjum félagskonum að huga snemma að gistingu, en ýmis stéttarfélög eiga orlofsíbúðir á Akureyri sem hægt er að nýta sér. Einnig hafa verið tekin frá 20 tveggja manna herbergi á Icelandair hótelinu á Akureyri í nafni samtakanna og og höldum við þeim til 1. mars. Þess má einnig geta að nú er hægt að panta flugfar með Flugleiðum ár fram í tímann og t.d. er núna hægt að fá flugfar fram og til baka til Akureyrar fyrir 14.325 krónur um þessa helgi :-)

#### Bestu kveðjur!

Eygló Björnsdóttir, forseti DKG

**Verum virkar –  
styrkjum starfið**